

„Lýðræði snýst um að fólk sé virkir þátttakendur í samfélagi“

„Lýðræðið er sameign okkar allra og raddir ykkar verða að heyrast; frumkvæði ungs fólks og reynsla hinna eldri eru nauðsynleg blanda fyrir framtíðina,“ sagði Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra þegar hún ávarpaði á miðvikudag ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði. [Ungmennafélag Íslands](#) og [Háskólinn á Akureyri](#) stóðu fyrir ráðstefnunni sem fór fram á Akureyri. Ráðherra talaði í ræðu sinni um að mikilvægt væri að raddir ungs fólks heyrðust og að á þær væri hlustað. „Þið finnið það sjálf hvað það er mikilvægt að hafa rödd sem hlustað er á. Þið vitið hvað það er mikils virði að taka þátt í umræðum, hafa áhrif á samfélagið.“

Menntamálaráðherra talaði einnig um mikilvægi gagnrýnnar hugsunar og mikilvægi þess að við gætum sagt frá hugsunum okkar og skoðunum. „Lýðræði snýst um að fólk sé virkir

þátttakendur í samfélagi og að á það sé hlustað. Lýðræði er ekki bara kosningar á fjögurra ára fresti.“



Úrræði fyrir framhaldsskólanema á komandi sumri

Menntamálaráðherra hyggst skipa samráðshóp sem ætlað er að fjalla um og gera tillögur um úrræði fyrir framhaldsskólanema á komandi sumri. Í því sambandi verði m.a. horft til náms, sjálfbæðavinnu og ýmissa atvinnustarfa.

Auk menntamálaráðuneytis munu eiga sæti í hópnum fulltrúar frá iðnaðarráðuneyti, félags- og tryggingamálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra framhaldsskólanema og Hagsmunaráði íslenskra framhaldsskólanema.

Menntatorg - Upplýsingar um nám og ráðgjöf fyrir atvinnulausa

Föstudaginn 6. mars verður opið hús í Skeifunni 8 frá kl. 14-18 en þar munu ýmsir fræðsluaðilar kynna nám og ýmis úrræði fyrir atvinnulausa einstaklinga.

Þessi viðburður, sem hefur fengið nafnið Menntatorg, fer nú fram í fyrsta skipti en breyttar aðstæður í íslensku efnahagslífi hafa orðið til þess að atvinnuleysi hefur aukist gríðarlega á síðustu mánuðum. Atvinnuleysi hefur aukist einna mest hjá þeim sem hafa stutta skólagöngu og á Menntatorginu munu fjölmargir fræðsluaðilar kynna hversu fjölbreytt úrræði standa þessum hópi til boða. Boðið verður upp fjölbreytta dagskrá eins og t.d. örnámskeið, kynningar á námi og ýmsum möguleikum, viðtöl hjá náms- og starfsráðgjöfum og fleira.

Nánari upplýsingar um dagskrá má nálgast á www.menntatorg.is



MENNTATORG

www.menntatorg.is

Að Menntatorginu stendur samstarfshópur um menntunarræði vegna efnahagsástandsins. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) átti sl. haust frumkvæði að stofnun hópsins og hóf hann formlega störf 28. október sl. Í hópnum sitja tveir fulltrúar menntamálaráðuneytisins auk fulltrúa ASÍ, SA, BSRB, SVÞ, SI, Iðunnar og Vinnumálastofnunar.

Hópurinn hefur haldið 12 fundi síðan í haust. Hlutverk hópsins er að vakta breytingar á vinnumarkaði og meta það sem hægt er að gera til að bregðast við þróuninni. Þá athugar hann jafnframt hvar og hvernig megi beita þeim úrræðum sem þegar eru tiltæk, gerir tillögur um úrræði fyrir einstaka hópa og breytingar á forgangsröðun í þeim málefnum sem til góða geta komið.

Námsframvinda - ný þjónusta í Mentor

[Mentor](#) er heildstætt upplýsingakerfi sem notað er í mörgum skólum meðal annars við skráningu á ástundun, einkunnavinnslu, skipulagningu á einstaklingsmiðuðu námi. Nú er komin ný eining í Mentor sem kölluð er Námsframvinda. Markmiðið með nýju einingunni er að bæta árangur íslenskra nemenda á öllum aldurstigum í lestri og lesskilningi með því að styðja faglegt starf kennara og auka upplýsingaflæði til bæði foreldra og nemenda.

Með nýju einingunni fá kennarar í hendur einföld verkfæri til að halda utan um og skipuleggja lestrarkennslu og meta árangur í lestri. Foreldrar og nemendur hafa aðgang að námsmarkmiðunum auk þess sem hægt er að gera einfaldan námsmat eða áætlun sem nemandi setur sér í samvinnu

við kennara og foreldri. Með einingunni fylgja hugmyndir að lestrarmarkmiðum fyrir 1.–10. bekk en skólar geta einnig sett inn sín eigin lestrarmarkmið með hliðsjón af áherslum viðkomandi skóla. Þó Námsframvinda sé hönnuð með lestur í huga þá má einnig nota hana við námsmat í öðrum námsgreinum.

Menntamálaráðuneyti styrkti þróun einingarinnar og er aðgangur að henni skólum að kostnaðarlausu. Til að fá aðgang að Námsframvindunni verða skólastjórnendur að hafa samband við Mentor sem veitir allar nánari upplýsingar.

